

Geðhjálp leggur  
fram gögn:

## Keyrt verður á þremur málum

**GEÐHJÁLP** Geðhjálp ætlar að fara fram á opinbera rannsókn um meint fjármálamisferli trúfélaga. Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir formlega kæru verða lagða fram í vikunni. Hann segir að keyrt verði á þremur málum. Í tveimur þyki sýnt að einstaklingarnir voru geðsjúkir þegar þeir voru látnir skrifa undir pappíra til að láta af hendi fé. Í öðru þeirra var farið inn á geðdeild til að ná í undirskrift og í hinu liggur fyrir að viðkomandi hafi selt allt ofan af sér og lagt allt sitt fjármagn í hendur eins trúfélags. Þá er í þriðja tilfelli um að ræða 75% öryrkja sem þjádíst



### GEÐHJÁLP

Sveinn Magnússon segir óteljandi hringingar hafa borist til Geðhjálpar um meint misferli trúfélaga. Hann segir haldberar sannanir fyrirbyggjandi. Telur hann þær sannanir sem búið er að afla nægjanlegar til að hægt sé að höfða mál.

bæði af líkamlegum og andlegum krankleika.

Fréttablaðið hefur heimildir um að kærán beinist að sjónvarpsstöðinni Omega. Sveinn Magnússon vildi ekki staðfesta að svo væri. ■